

50. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 12. apríl 2012 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson oddviti, Gunnólfur Lárusson, Indriði Þóroddsson, Reimar Sigurjónsson og Steinunn Leósdóttir. Auk þess sat fundinn Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. **Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 22.03.2012.**
Lögð fram til kynningar.
2. **Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 29.03.2012.**
Lögð fram til kynningar.
3. **Ársreikningur Langanesbyggðar 2011 - Seinni umræða.**
Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.
4. **Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16.03.2012.**
Lögð fram til kynningar.
5. **Fundargerð landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 23.03.2012.**
Lögð fram til kynningar.
6. **Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar, dags. 27.03.2012.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
7. **Fundargerð Menningarráðs Eypings, dags.27.03.2012.**
Lögð fram til kynningar.
8. **Skýrsla sveitarstjóra.**
Sveitarstjóri flutti skýrslu sýna og svaraði fyrirspurnum:
 - Gerðir hafa verið skriflegir kaupsamningar vegna eftirtalinna íbúða:
 - Pálmholt 9 - kr. 6.000.000
 - Pálmholt 11 - kr. 5.000.000
 - Pálmholt 13 - kr. 3.800.000*Fyrirliggjandi kaupsamningar samþykktir samhljóða.*
 - Sveitarstjóri lagði fram fundarboð á aðalfund Veiðifélags Hafralónsár sem haldin verður 21. apríl nk. Samþykkt að fela Jónasi Lárussyni að fara með umboð Langanesbyggðar á fundinum.

- Langanesbyggð stóð miðvikudaginn 11. apríl sl. fyrir fundi um aukinn ágang og hugsanlegt landnám hreindýra í sveitarfélaginu. Fundurinn var mjög vel sóttur og ljóst að áhugi á málinu er mikill. Á fundinum fluttu framsögur fulltrúar Náttúrustofu Austurlands og umhverfisstofnunar og fóru fram líflegar umræður að þeim loknum.

9. Grímsstaðir á Fjöllum - Staða mála.

Lagt til að umræða um málið verði tekin á trúnaðarfundi að loknum sveitarstjórnarfundi.
Samþykkt samhljóða.

10. Bréf frá nefndasviði Alþingis, dags. 27.03.2012.

Bréfinu fylgir tillaga til þingsályktunar um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá Umboðsmanni Alþingis, dags. 27.03.2012.

Í bréfinu greinir frá niðurstöðu umboðsmanns Alþingis um að sú ákvörðun Fjármálaeftirlitsins árið 2009 um að leggja stjórnvaldssekt á Langanesbyggð að fjárhæð 1.300.000 kr. hafi ekki verið í samræmi við lög. Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála og næstu skref í ljósi niðurstöðu umboðsmanns.
Lagt fram til kynningar.

12. Frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld.

Eftirfarandi ályktun um frumvörpin lögð fram:

„Við undirrituð vörum Alþingi sterklega við því að samþykkja fyrirbyggjandi frumvörp ríkisstjórnarinnar til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld.

Greinargerð óháðra sérfræðinga, sem fylgir frumvörpunum og sem unnin var að beiðni sjávarútvegs- og landsbúnaðarráðuneytisins, ætti að hvetja löggjafann að staldra við og ígrunda gaumgæfilega áhrif lagasetningarinnar á rekstur og afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og á sjávarbyggðir landsins.

Sérfræðingarnir búast við „umhleyplingum á næstu árum meðan útgerðin lagar sig að breyttum aðstæðum“ og segja að áformuð lagasetning muni verða „mjög íþyngjandi fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja.“ Enn fremur að hækkun veiðigjalds muni án efa „kippa stöðum undan skuldsettari útgerðarfyrirtækjum.“

Þá benda sérfræðingarnir á að byggðaaðgerðir frumvarpsins séu „ólílegar til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að“, enda skorti enn þann „langtímastöðugleika sem getur skapað grundvöll fyrir uppbyggingu atvinnulífs í sjávarbyggðum“.

Undirritaðir telja að þessi varnaðarorð, sem fylgja frumvörpunum, séu meira en næg ástæða fyrir alþingismenn til að leggja málin til hliðar frekar en að stuðla að því að lögfesta þau og stuðla þannig að „umhleyplingum“ með alvarlegum afleiðingum fyrir fólk og

fyrirtæki í sjávarbyggðum landsins, m.a. mögulegri lækkun launa sjómanna og fiskverkafólks, lækkunar útsvarstekna sveitarfélaga, minni fjárfestingagetu sjávarútvegsfyrirtækja á landsbyggðinni og þar með en minni atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni en nú er.

Við slíkt verður ekki unað.“

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Einn sat hjá.

13. Þjónusta við rannsóknir og vinnslu kolvetnis á Drekasvæðinu

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi með fulltrúum Vopnafjarðarhrepps vegna samstarfs um þjónustu við fyrirhugaða starfsemi á Drekasvæðinu.

14. Trúnaðarfundur

Færður í trúnaðarbók.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 20:00.